



Faghópur II

Fundargerð 21. fundar

Orkugarði 23. október 2009, kl. 14:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð.** Afgreiðsla þriggja síðustu fundargerða var frestað til næsta fundar.
1. **Vinnufundur í Gunnarsholti 14.-15. okt.** Rætt var á almennum nótum um vinnufund í Gunnarsholti 14.-15. okt. og framhald vinnunnar. Fram hafði komið að áhrifamatið verður erfitt í framkvæmd og einnig hversu stórt hlutverk raflínulagnir munu skipa í þeim efnum. Hörmuð var seinkun á uppdráttum sem gera grein fyrir hugmyndum í þá veru. Starfsmaður gerði grein fyrir þeim forsendum og takmörkunum sem línuhugmyndir byggja á og formaður hópsins mun ræða nánar við formann faghóps 4 um málið. Formaður kynnti drög að áhrifamati vegna Fjallabak-svæðisins. Leitað var álit Ólafs, sem ekki hafði tök á að sækja vinnufundinn, á svæðaskiptingu um Mælifellssand (norðan Mýrdalsjökul). Í framhaldi af athugasemdum hans og breytingu á svæðaskiptingu var endurskoðað verðmætamat á svæðum kenndum við „Mælifellssand“ og „Eldgjá“. Einnig voru hnýttir lausir endar vegna „Markarfljóts“-svæðis.
2. **Leiðbeiningarblað vegna mats.** Fram komu athugasemdir við leiðbeiningarblað með forsendum og dæmum sem líta skal til við matsvinnu. Anna Dóra tók að sér að fínpússa matsblaðið.
3. **Lónstæði vegna hlunnindamats.** Sveinn og Jóhannes óskuðu eftir kortum þar sem lónstæði eru teiknuð inn á og sýna einnig gróðurlendi til að meta áhrif á beitarlönd.
4. **Erindisbréf.** Friðrik og Rögnvaldur fengu afhent erindisbréf vegna setu í faghópnum.
5. **Nýr meðlimur.** Formaður hefur fundað með Guðna Guðbergssyni sem koma mun til liðs við hópinn vegna hlunnindamats (veiðar). Guðni mun hefja störf með setu á kynningarfundum um aðferðafræði 30. okt.
6. **Fundartímar.** Ákveðið var að halda fundi eftirleiðis frá kl. 13:00-19:00 á miðvikudögum. Tíminn frá 13:00-15:00 fer undir hlunnindamat og frá 15:30-19:00 undir mat vegna ferðapjónustu og útivistar. Á fyrri hlutanum verður „skyldumæting“ Sveins og Jóhannesar og

á seinni hlutanum Önnu Dóru, Rögnvaldar og Ólafs Arnar. Allir eru þó hvattir til að sækja báða fundarhluta.

7. **Næsti fundur** verður haldinn 28. okt. kl. 13:30-16:30 og þá verður m.a. farið yfir kynningarglæsur fyrir kynningarfund um aðferðafræði þann 30. okt.
8. **Fundi var slitið kl. 18:30.**